

*Ársskýrsla*  
*Grunnskóla Borgarfjarðar*



*2023 – 2024*



Formáli.....	4
Inngangur .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	5
Skólastjórnendur .....	5
Nefndir og ráð .....	5
Skólaráð .....	5
Nemendaverndarráð .....	6
Áfallaráð .....	6
Eineltisteymi .....	6
Stjórn nemendafélags.....	6
Nemendafjöldi.....	6
Starfsmenn .....	7
Húsnæði.....	9
Skólalóð .....	10
Bókasafn .....	10
Skóladagatal og starfsáætlun .....	11
Samstarf heimila og skóla.....	13
Akstur .....	13
Áherslur í skólastarfi.....	13
Hlutverk .....	13
Framtíðarsýn .....	13
Einkunnarorð .....	14
Gildi.....	14
Heimaskóli menntavísindasviðs HÍ og HA .....	14
Leiðsagnarkennsla .....	14
Samstarf leik- og grunnskóla .....	14
Samstarf grunn- og menntaskóla .....	15
Samstarf grunn- og háskóla.....	15
Námsmat .....	16
Innra mat .....	16
Þróunarstarf og verkefnahópar .....	17
Grænfáni.....	17
Heilsuefling.....	17



Leiðtuginn í mér .....	18
Forvarnarhópur fyrir einelti.....	18
Réttindaskóli.....	19
Skýrslur kennara .....	20
Yngsta stig.....	20
Hvanneyri .....	20
Kleppjárnsreykir .....	22
Varmaland .....	24
Miðstig.....	26
Kleppjárnsreykir .....	26
Varmaland .....	28
Unglingastig.....	30
Kleppjárnsreykir .....	30
Varmaland .....	31
Hugleiðsla og slökun.....	33
Nemendafélag .....	33
Smiðjuhelgar 8.- 10. bekkur .....	34



## Formáli

Ársskýrsla Grunnskóla Borgarfjarðar kemur nú út í fjórtánda sinn. Skólinn hefur starfað í fjórtán ár eftir sameiningu og eru starfsstöðvar hans þrjár, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Skýrslan er send til sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar og fræðslunefndar. Hún er vistuð á vefsíðu skólans

<https://borgarbyggd.is/stofnun/gbf/sidur/skolinn/aaetlanir-og-skyrslur>

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskóla Borgarfjarðar, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í það, ásamt því að gera hana líflegri. Að gerð skýrslunnar koma: skólastjórnendur, kennarar og ritarar.



## Inngangur

Skólastarfið hófst þegar starfsfólk mætti til starfa að loknu sumarleyfi þann 15. ágúst. Í upphafi dags var sameiginlegur starfsmannafundur og að honum loknum hófst undirbúningur skólastarfsins.

Fundað var með skólabílstjórum þar sem farið var yfir ýmis mál er tengjast skólaakstri, svo sem öryggismál, gæslu í skólabílum, tímaplön, akstursleiðir o.fl.

Skólasetning var 22. ágúst. Tímasetningar voru eftirfarandi: Á Hvanneyri kl. 10:00. Á Kleppjárnsreykjum kl 12:00 og á Varmalandi var skólasetning kl 14:00. Að lokinni skólasetningu var farið inn í bekkjardeildir þar sem kennarar voru með stuttar kynningar á skólanum og um væntanlegt skólastarf. Kennsla samkvæmt stundatöflu hófst 23. ágúst.

## Hagnýtar upplýsingar

### Skólastjórnendur

Helga Jensína Svavarsdóttir skólastjóri

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjórn á Kleppjárnsreykjum

Anna Kristín Gunnarsdóttir deildarstjóri á Hvanneyri

María Jónsdóttir deildarstjóri sérkennslu

Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri á Varmalandi

Auk deildarstjórnar starfsstöðva voru stjórnendur með fagstjórn stiga. Ingibjörg Adda var fagstjóri unglíngastígs, Sólrún Halla fagstjóri miðstígs og Anna Kristín með fagstjórn yngsta stígs.

### Nefndir og ráð

#### Skólaráð

Í skólaráði sitja skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar nemenda og þrjú fulltrúar foreldra en einn fulltrúi foreldra er jafnframt fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð fundaði fimm sinnum á þessu skólaári.

Í skólaráði fyrir skólaárið 2023-24 voru:

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir fulltrúi stjórnenda

Anna Sigríður Hauksdóttir fulltrúi starfsmanna

Elísabet Halldórsdóttir fulltrúi kennara

Lára Kristín Gísladóttir fulltrúi kennara

Sesselja Narfadóttir fulltrúi nemenda á Kleppjárnsreykjum

Jón Bjarni Guðmundsson fulltrúi nemenda á Varmalandi

Erna Guðný Jónsdóttir fulltrúi foreldra nemenda á Hvanneyri

Jónína Svavarsdóttir fulltrúi foreldra nemenda á Kleppjárnsreykjum

Arnaldur Jón Gunnarsson fulltrúi foreldra nemenda á Varmalandi



## Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi skólaþjónusta. Ráðið fundar einu sinni í mánuði.

Í nemendaverndarráði skólaárið 2023-24 voru:

Helga Jensína Svavarsdóttir skólastjóri  
Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri  
Anna Kristín Gunnarsdóttir deildarstjóri  
María Jónsdóttir deildarstjóri sérkennslu  
Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri  
Kristín Lillendahl námsráðgjafi  
Lára María Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur  
Margrét Gísladóttir skólaþjónusta  
Fjóla Benediktsdóttir námsráðgjafi  
Silja Rut Jónsdóttir sálfræðingur  
Fulltrúi frá Barnavernd

## Áfallaráð

Í áfallaráði situr námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, skólastjóri og stjórnandi þess stigs sem málið varðar. Auk þeirra er sóknarprestur viðkomandi sóknar ráðinu til stuðnings.

## Eineltisteymi

Í eineltisteymi sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi og umsjónarkennari þeirra nemenda sem málið varðar.

## Stjórn nemendafélags

Í stjórn nemendafélags GBF skólaárið 2023-24 voru:

Askur Týr Laubert Egilsson  
Erla Ýr Pétursdóttir  
Hlynur Blær Tryggvason  
Kristín Eir Holaker Hauksdóttir  
Kristján Páll Hafðisarson  
Sigurjón Geir Eiðsson

## Nemendafjöldi

Við upphaf skólaársins 2023-2024 voru nemendur skólans 180 en við lok 186.

Bekkur	Hvanneyri			Kleppjárnsreykir			Varmaland			Grunnskóli Borgarfjarðar
	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Nemenda-fjöldi haust 2023
1.	5	3	8	6	1	7	3	4	7	22
2.	3	2	5	4	1	5	3	5	8	18
3.	1	4	5	3	6	9	4	2	6	20
4.	4	4	8	0	7	7	4	1	5	20



5.	7	1	8	1	3	4	3	5	8	20
6.				6	6	12	0	3	3	15
7.				12	5	17	2	1	3	20
8.				9	3	12	1	1	2	14
9.				3	2	5	2	2	4	9
10.				9	6	15	5	2	7	22
Samtals	20	14	34	53	40	93	27	26	53	180

Bekkur	Hvanneyri			Kleppjárnsreykir			Varmaland			Grunnskóli Borgarfjarðar
	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Nemenda-fjöldi vor 2024
1.	5	4	9	6	1	7	3	5	8	24
2.	3	2	5	4	1	5	3	5	8	18
3.	4	1	5	3	5	8	5	2	7	20
4.	4	4	8	0	7	7	4	1	5	20
5.	7	0	7	1	4	5	3	5	8	20
6.				6	6	12	1	3	4	16
7.				12	5	17	2	1	3	20
8.				9	3	12	1	1	2	14
9.				3	3	6	2	2	4	10
10.				9	7	16	6	2	8	24
Samtals			34	53	42	95	30	27	57	186

Á Hvanneyri var kennt í tveimur bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 3. bekk og 4. – 5. bekk.

Á Kleppjárnsreykjum var kennt í fjórum bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 2. bekk, 3. – 4. bekk, 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk.

Á Varmalandi var kennt í fjórum bekkjardeildum, þ.e. samkennt í 1. – 2. bekk, 3. – 4. bekk, 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk.

## Starfsmenn

Agnes Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari		100 %
Anna Dís Þórarinsdóttir	Grunnskólakennari	Skólaíþróttir og almenn kennsla	100 %
Anna Helga Sigfúsdóttir	Kennari	4. - 5. bekkur	100%
Anna Kristín Gunnarsdóttir	Deildarstjóri		100 %
Anna Sigríður Hauksdóttir	Matráður		80 %
Ása Erlingsdóttir	Grunnskólakennari	5. – 10. bekkur	100 %
Ása Katrín Jónsdóttir	Leiðbeinandi		80%
Ásdís Ýrr Einarisdóttir	Skólaliði		90 %
Berglind Ósk Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi	í leyfi	



Björk Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari	List- og verkgreinar	50 %
Dariia Mysiura	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		100%
Elena Lobko	Leiðbeinandi	5. - 10. bekkur	100%
Elísabet Halldórsdóttir	Velferðar- og sérkennari		80 %
Eva Lind Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari	List- og verkgreinar	80 %
Fjölur Jónsson	Leiðbeinandi	8. – 10. bekkur	100 %
Gróa Erla Ragnvaldsdóttir	Grunnskólakennari	List- og verkgreinar	100 %
Guðjón Guðmundsson	Grunnskólakennari	Skólaíþróttir	100 %
Halldóra Ingimundardóttir	Bókavörður/ritari		100 %
Heiðbjört Ósk Ásmundsd.	Skólaliði		100 %
Helga Björg Valgeirsdóttir	Matráður		100 %
Helga Jensína Svavarsdóttir	Skólastjóri		100 %
Helga Kristjánsdóttir	Aðstoðarmatráður		100%
Hrefna Esther B. Þorbjarnard.	Stuðningsfulltrúi og skólaliði		100%
Inga Berta Bergsdóttir	Aðstoðarmatráður		80%
Ingibjörg Adda Konráðsd.	Aðstoðarskólastjóri		100 %
Íris Inga Grönfeldt	Grunnskólakennari	Skólaíþróttir	61,53 %
Kristín Kristjánsdóttir	Skólaritari		30 %
Kristín Lilliendahl	Námsráðgjafi		30 %
Kristleifur Jónsson	Húsvörður		100%
Lara Becker	Stuðningsfulltrúi		30 %
Lára Kristín Gísladóttir	Grunnskólakennari	1.- 4. bekkur	100 %
Lisbeth Inga Kristófersdóttir	Stuðningsfulltrúi		65 %
Magnea Helgadóttir	Grunnskólakennari		70 %
Marinó Muggur Þorbjarnarson	Leiðbeinandi	3. – 4. bekkur	100%
María Jónsdóttir	Deildarstjóri sérkennslu		100 %
Ólafur Daði Birgisson	Leiðbeinandi	1. – 2. bekkur	100 %
Ragnheiður Kr. Grétarsdóttir	Stuðningsfulltrúi		80%
Ragnhildur Anna Ragnarsd.	Matráður		100 %
Sandra Björk Bergsdóttir	Stuðningsfulltrúi		70%
Sigríður Alda Björnsdóttir	Stuðningsfulltrúi		80 %
Sólrun Halla Bjarnadóttir	Deildarstjóri		100 %





Sunna Kristín Gunnlaugsdóttir	Leiðbeinandi	1.- 3. bekkur	80 %
Svanhvít Halla Sigfúsdóttir	Stuðningsfulltrúi		50 %
Sylwia Katarzyna Jurczuk	Grunnskólakennari		100%
Sæunn Elfa Sverrisdóttir	Bókavörður og skólaliði		90 %
Sæunn Ósk Kjartansdóttir	Grunnskólakennari	5. – 7. bekkur	100 %
Unnar Þorsteinn Bjartmarss.	Grunnskólakennari	Verkgreinar	50 %
Unnur Jónsdóttir	Grunnskólakennari	1. - 4. bekkur	100 %
Valeriia Tykalo	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		100%
Vigdís Sigvaldadóttir	Grunnskólakennari	5. - 7. bekkur	100 %
Yuliia Zaika	Aðstoðarmatráður		80 %
Þóra Geirlaug Bjartmarsd.	Grunnskólakennari	8. – 10. bekkur	100 %
Þóra Magnúsdóttir	Grunnskólakennari		100 %
Þórunn Jóna Kristinsdóttir	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		100 %
Puríður Ketilsdóttir	Stuðningsfulltrúi		90 %

## Húsnæði

### Hvanneyri

Kennsla fer fram í tveimur byggingum, barnaskólanum og íþróttahúsi Landbúnaðarháskólans. Í barnaskólanum eru þrjár almennar kennslustofur, myndmenntarstofa, tvö minni kennslurými, bókasafn, starfsmannaaðstaða og eldhús. Íþróttakennsla fer bæði fram utan dýra og í íþróttahúsinu. Sundkennslan fór fram í Hreppslaug. Nemendur borða hádegismat í holi í anddyri skólans. Frístund er starfrækt í skólahúsnæði eftir skólatíma til kl. 16:00.

### Kleppjárnsreykir

Kennsla fer fram í þremur byggingum; í grunnskólanum, smáhýsi við skólann og í íþróttahúsinu á Kleppjárnsreykjum. Í grunnskólanum eru tvær kennslustofur, tvær færanlegar kennslustofur, smíðastofa, námsver, skólasafn, félagsaðstaða nemenda, starfsmannaaðstaða og mötuneyti. Í smáhýsinu fer fram mynd- og textílmenntar kennsla. Í íþróttahúsinu fer fram öll íþróttakennsla og sundkennsla í sundlauginni á Kleppjárnsreykjum. Frístund er starfrækt í skólahúsnæði eftir skólatíma til kl. 16:00.

Í apríl þurfti að rýma gamla hluta skólahúsnæðisins þar sem bókasafn, kennslustofa, smíðastofa og frístund var staðsett. Í staðinn var færð kennslustofa frá Varmalandi sem varð að tengibyggingu ásamt færanlegum rýmum á milli austur og vestur byggingar vegna þess að rífa á norðurhlutann og byggja upp nýtt skólahúsnæði.

### Varmaland

Kennsla fer fram í tveimur byggingum: í grunnskólanum og í íþrótt- og félagsheimilinu

Þinghamri. Almenn kennsla fer fram í grunnskólanum í sex kennslurýmum en þar er einnig skólasafn, textíl- og myndmenntastofa, starfsmannaaðstaða, skrifstofa ritara og mötuneyti. Textíl og myndmenntastofan hefur verið í sér rými sem var tekið yfir á Kleppjárnsreyki í apríl, útbúin var kennslustofa fyrir þessar greinar í setustofunni við matsalinn. Í Þinghamri er íþróttasalur, sundlaug, smíðastofa og aðstaða fyrir heimilisfræðikennslu.

## Skólalóð

### Hvanneyri

Skólalóðin er miðsvæðis og liggur ekki að umferðargötum. Lóðin er að mestu leyti möl en hellulagt er frá inngangi að steypa vellinum og í kringum rólur eru gúmmímottur. Á lóðinni er góður gervigrasvöllur og steypur körfubolta/fótboltavöllur. Einnig eru klifurgrind, kastali, pannavöllur, ærslabelgur og aparóla. Í nágrenni skólans er svæði sem er nýtt sem útinámssvæði skólans. Það kallast Skjólbeltin og hefur verið nýtt í samstarfi við leikskólann Andabæ og Landbúnaðarháskólann. Þar er grasflöt umlukin trjám og þar er svið, fuglaskoðunarkofi og yfirbyggt eldstæði.

### Kleppjárnsreykir

Skólalóðin hefur tekið breytingum þar sem bílastæðin voru tekin undir leiksvæði. Þar er pannan og körfuboltavöllur. Í porti sem myndast af skólabyggingunni eru leiktæki og í kringum þau gúmmímottur. Utar er stór gras-fótboltavöllur og grasflatir umhverfis skólann sem nýtast sem leiksvæði. Einnig er sparkvöllur við íþróttahúsið. Skólinn hefur einnig til umráða gamalt tún í næsta nágrenni kallað Læknistún og þar hefur verið unnið að aðstöðu fyrir útikennslu með byggingu skýlis og gerð eldstæðis. Þar hafa einnig verið gróðursettar plöntur til skjólmyndunar. Vegna framkvæmda hefur þrengrt að skólalóðinni og einnig aðstöðu til úti-íþróttakennslu.

### Varmaland

Umhverfis bygginguna eru skjólgóð svæði með grasflötum, stétt, svæði með leiktækjum, pannavelli og körfuboltavelli. Skammt frá skólanum er gras fótboltavöllur, strandblaksvöllur og frjálsíþróttasvæði. Náttúrulegt umhverfi skólans, skógur og hnjúkurinn hentar vel til útivistar og útináms en einnig er leiksvæði í skóginum og aðstaða til útináms og gott eldstæði til útiöldunar.

## Bókasafn

Markmið safnsins er að styðja sem best við allt það starf sem fram fer í skólanum. Á safninu er mikið úrval bóka sem nýtist bæði nemendum og kennurum við nám og starf í skólanum. Einnig er leitast við að það sé aðlaðandi, rólegt og notalegt að vera. Bókavörður á Kleppjárnsreykjum er í 50% starfi og sér um allt utan umhald á safnkosti; innkaup, skráningu, frágangi og útlánnum og sinnir einnig innkaupum og skráningu á námsbókum. Á Hvanneyri kemur bókavörður einn dag í viku og sér um skráningar og annað er viðkemur bókasafninu þar og á Varmalandi er bókavörður í 50% starfi.

Nemendur eru mjög duglegir að koma og skoða og fá sér bækur en reynt er að vera með nýjar bækur reglulega sem hæfa öllum aldri.



Tekist hefur að gera bókasafnið að þeim stað sem gott er að koma á, en nú á vor dögum voru miklar breytingar þar sem rífa á elsta hluta skólans á Kleppjárnsreykjum sem hefur m.a. hýst bókasafnið og það fært inn í matsal. Það er gert ráð fyrir rými fyrir safnið í nýju byggingunni sem á að fara að reisa. Á Varmalandi var bókasafnið einnig tæmt vegna skipulagsbreytinga. Kennarar sjá um hefðbundin lestrarátök og yndislestur. Gott samstarf er á milli deilda og við Héraðsbókasafnið um lán á bókum ef þarf.

Forlagið blés til bókamessu um miðjan nóvember eins og undanfarin ár og bauð öllum skólalabókasöfnum að koma í Hörpuna og kaupa nýju jólabækurnar á verulegum afslætti. Margir bókahöfundar voru á staðnum og kynntu bækur sínar. Mjög skemmtilegt framtak og vel sótt.

Bókkvótinn er svipaður og í fyrra. Tekist hefur að kaupa vinsælustu barna- og unglingabækurnar. Starfsmaður á Kleppjárnsreykjum er í 50% starfi sem ritari fyrir Kleppjárnsreyki og Hvanneyri og svarar eining í aðalsíma skólans. Hefur starfsaðstaða hans verið á bókasafninu en eftir flutninganna í vor deilir ritari aðstöðu inni hjá aðstoðarskólástjóra.

Halldóra Ingimundardóttir, Sæunn Elfa Sverrisdóttir og Þóra Magnúsdóttir

### Skóladagatal og starfsáætlun

Skóla- og viðburðadagatal skólaársins 2023-2024 má sjá á heimasíðu skólans sem og starfsáætlun skólans.

Samband íslenskra sveitarfélaga

### Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Grunnskóli Borgarfjarðar

Calendar table showing school days and activities from August to June. Includes columns for months and specific dates with descriptions of events like 'Skólafundur', 'Hátíð', and 'Læraradagur'.

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólástjóra í samráði við kennara og með hlífðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.



## Fastir viðburðir:

Mánuður	Hvanneyri	Kleppjárnsreykir	Varmaland
Ágúst - september	- Ferð í Oddsstaðarétt - Sundkennsla		- Þverárrétt 4. - 5. b.
		- Kosið í nemendaráð - Hópeflisferð – unglíngastig	
	- Námsefniskynningar – menntabúðir/leiðtogadagur - Starf bekkjartengla skipulagt - Yngsta- og miðstigs leikar - fjölgreindarleikar - Dans og félagsfærni námskeið - Samstarf við leikskólana skipulagt		
Október	Flóamarkaður	- Heimsókn 1.bekkar í leikskólann	
		- Haustfagnaður unglíngadeildar - Smiðjuhelgi - Úlfljótsvatnsferð 9.bekkar - Samstarfsdagur með MB	
		- Forvarnardagurinn - Þemadagar - Samtal við foreldra - Hrekkjavaka	
Nóvember	- Heimsókn í leiksk. 1.-2. b. - Heimsókn í Lbhí 3.-5. b.	- Ljósahátíð (leikskólahóp boðið)	- Heimsókn í leiksk. 1. b.
		- Jólball samstarfsskólanna	
		- Dagur íslenskrar tungu	
Desember	- Kaffihúsadagur 1. des - Jólátresferð - 4.b. les úti á leiksk. - Jólakortasala - Helgileikur		- Vínakeðja mynduð 1.des
		- Litlu jólin	
Janúar	- 3. b. les á leikskóla - Söngvaskemmtun	- Heimsókn í leikskólann 5. b.	
		- Söngvarakeppni 4. - 10. bekkur - Þemadagar - Samtal við foreldra - Menningarferð í Borgarnes 1.-3. bekkur	
Febrúar		- Reykjaferð 7. bekkjar	
	Öskudagshátíð - Skíðaferð 7. - 10. bekkjar		
<b>Mánuður</b>	<b>Hvanneyri</b>	<b>Kleppjárnsreykir</b>	<b>Varmaland</b>
Mars	- Spiladagur 1.-2. bekkur á leikskólanum	- Stóra upplestrarkeppnin 7. bekkur - Skólahreysti - Samstarfsdagur með MB - Grunnskólamót í sundi	



	- Skauta- og menningarferð 4. - 5. bekkjar -árshátíðir deilda		
Apríl		- Smiðjuhelgi - Lyngbrekkuball	
Maí/júní	- Sundkennsla í Hreppslaug		- Sérstaða sveitaskóla
	-Samstarfsdagur/uppbot deilda - Vorferð 1. – 6. bekkjar		

## Samstarf heimila og skóla

Samkvæmt lögum á að vera starfandi skólaráð við skólann. Í því sitja aðstoðarskólastjóri auk 8 einstaklinga sem sitja tvö ár í senn, sjá nöfn fulltrúanna undir kaflanum *Nefndir og ráð* hér að ofan. Skólaráðið er samráðsvettvangur skólastjóra/aðstoðarskólastjóra og skólasamfélags um skólastarf. Skólaráðið fundaði fimm sinnum á skólaárinu.

Stjórn foreldrafélagsins fundaði með stjórnendum að hausti þar sem farið var yfir hlutverk og starfsemi foreldrafélags skólans. Lagt var upp með að bekkjartenglar hvers bekkjar myndu gera eitthvað með hópnum einu sinni til tvisvar sinnum yfir veturinn. Skólinn nýtur mikils velvilja í nærsamfélaginu, fyrir það ber að þakka.

## Akstur

Stór hluti nemenda skólans kemur og fer með skólabílum. Umsjónarmenn leiða eru: Borgarhreppur, Stafholtstungur/Þverárhlið og tómsundarúta frá Varmalandi: Ben og félagar. Andakílsleið, Hvanneyrarleið, Lundarreykjadalur/Bæjarsveit, Reykholtsdalur að norðan og Skorradalur: Dagleið. Bifröst og Norðurárdalur: Sigurður Ingi Þorsteinsson. Reykholtsdalur að sunnan: Einar Pálsson.

## Áherslur í skólastarfi

### Hlutverk

Hlutverk Grunnskóla Borgarfjarðar, í skipulagðri samvinnu við heimilin og samfélagið, er að:

- stuðla að vellíðan, alhliða þroska og heilbrigði nemenda,
- veita nemendum tækifæri til alhliða menntunar, bæði hugar og handa,
- efla gagnrýna hugsun nemenda, lífsgleði og jákvæða sjálfsmynd,
- undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi, með sjálfstraust og áræðni til að hafa áhrif á þróun samfélagsins .

### Framtíðarsýn

Grunnskóli Borgarfjarðar útskrifar metnaðarfulla nemendur, sem nýta styrkleika sína til að ná árangri. Skólinn er sérstaklega sterkur á sviði lýðheilsu, lífsleikni, list- og verkgreina, með tengingu við náttúru, arfleifð, menningu og sögu heimasvæðisins. Skólinn eykur fjölbreytni sína í gegnum ólíkar starfsstöðvar, sem standa og vinna saman að stöðugt betri árangri.



## Einkunnarorð

Einkunnarorð skólans eru *gleði, heilbrigði og árangur*. Hugtökin þrjú lýsa best skólastarfi GBf og við hverju nemendur mega búast innan hans.

Gleði vísar til þeirra jákvæðu viðhorfa sem skólinn vill að nemendur hafi til námsins og skólans og sé um leið lýsandi fyrir ríkjandi samskiptaform. Án gleðinnar er erfitt fyrir nemendur að ná þeim góða árangri sem skólinn væntir af þeim.

Heilbrigði, vísar til andlegs og líkamlegs heilbrigðis sem er lykilþáttur nemenda til að ná árangri. Skólinn leggur sitt af mörkum til að auka heilbrigði nemenda með daglegri, skipulagðri hreyfingu og hollum mat í mötuneytinu.

Árangur vísar til þess árangurs nemenda sem skólinn vill að hver einstaklingur nái bæði í námi og á félagslega sviðinu.

Það er von skólans að nemendur upplifi veru sína í skólanum eftir einkunnarorðum hans. Stefna skólans er einstaklingsmiðað nám með áherslu á útinám og hreyfingu, sjá nánar á heimasíðu skólans [www.gbf.is](http://www.gbf.is)

## Gildi

Við:

- berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu
- tökum ábyrgð á því sem við gerum og segjum
- ástundum heiðarleg og réttlát samskipti, byggð á gagnkvæmu trausti
- göngum með gleði og jákvæðu hugarfari til leiks og starfs
- stöndum saman og vinnum saman
- sýnum umburðarlyndi og kærleika í samskiptum
- erum metnaðarfull, skipulögð og öguð í öllu sem við gerum
- gætum fyllsta trúnaðar um málefni annarra
- hvetjum til heilbrigðs lífvernis

## Heimaskóli menntavísindasviðs HÍ og HA

Skólinn veitir nemum í B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið HÍ og HA aðgang að skólanum til að vinna þar þau verkefni sem tengjast vettvangi. Verkefnin felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi og framkvæmd kennslu, athugunum á skólastarfi o.fl. Kennarar skólans taka þátt í mati á frammistöðu nema og leiðbeina þeim á vettvangi.

## Leiðsagnarkennsla

Í vetur var einn nemi í vettvangsnámi í íþróttakennslu á Varmalandi.

## Samstarf leik- og grunnskóla

Deildarstjórar ásamt umsjónarkennurum sáu um samskipti við leikskólana í skólahverfinu: Andabæ, Hnoðraból og Hraunborg.

Mikið samstarf var skipulagt í vetur og voru settar niður heimsóknir 1x-2x í mánuði á hverjum stað.

### Samstarf grunn- og menntaskóla

Menntaskóli Borgarfjarðar í samstarfi við Borgarbyggð hefur boðið grunnskólanemendum í Borgarbyggð að stunda fjarnám við skólann. Í haust og vor fóru nemendur á unglingastigi í heimsókn í Menntaskólann þar sem tekið var þátt í smiðjum. Skólameistari MB kom einnig í skólann ásamt nokkrum nemendum sínum og kynnti námið fyrir nemendum á unglingastigi.

### Samstarf grunn- og háskóla

Um árabíl hefur þróast ákveðin samvinna milli leik-, grunn- og háskólans á Hvanneyri. Samvinnan felst m.a. í því að nemendur fá að vinna í gróðurhúsi, heimsækja fjós og Landbúnaðarsafn, nota svæði við skjólbelti, skoða listaverk Landbúnaðarháskóla Íslands, taka á móti skólahóp leikskólans og fá boð á viðburði í skólanum. Í maí 2009 var undirritaður samstarfssamningur sem fékk nafnið *Lengi býr að fyrstu gerð*. Sá samningur var endurbættur í maí 2019 í tengslum við nýja aðalnámsskrá grunnskóla. Skóli er hluti af samfélaginu og hlutverk hans felst ekki síst í því að leiða nemendur inn í þetta samfélag, gera þá meðvitaða um störfina sem þar eru unnin og hvernig það sem þeir læra tengist störfunum.

Almennt er endurmenntun áætlaður tími utan skipulagðs starfsramma skólaársins þ.e. 15. júní - 15. ágúst alls 150 klst en hún má einnig fara fram á starfstíma skóla og er þá háð samkomulagi við viðkomandi kennara. Ef endurmenntun er flutt á starfstíma skóla reiknast 33% álag á virkum dögum en 45% um helgar og fækkar þá tímum í samræmi við það. Þetta þýðir að 1 klst er 1,33 á starfstíma skóla, því gengur kennarinn hraðar á þá tíma sem varið er í endurmenntun á starfstíma skóla en utan hans.

Hvað telst til endurmenntunar

- Hvers kyns formlegt nám í viðurkenndum menntastofnunum
- Námskeið sem standa einn dag eða lengur, þar sem með skipulegum hætti er miðlað fræðslu og upplýsingum er snertir afmarkaða þætti skólastarfseminnar
- Styttri fræðslufundir þar sem ákveðnum upplýsingum og fræðslu er komið á framfæri
- Styttri eða lengri kynnisferðir starfsmanna þar sem horft er til umbóta og þróunar á ákveðnu sviði

Endurmenntun starfsmanna má í stórum dráttum skipta í tvennt:

- Endurmenntunarverkefni, ákvörðuð af skólastjórnendum og í samræmi við áherslur í þróun skólastarfsins á hverjum tíma. Markhópurinn getur verið allir starfsmenn, allir kennarar eða minni hópar starfsmanna, eftir eðli málsins
- Endurmenntun sótt af einstökum starfsmönnum, samkvæmt eigin óskum og/eða í samráði við skólastjórnendur

Starfsfólk Grunnskóla Borgarfjarðar sótti eftirfarandi námskeið á skólaárinu 2023-2024:

- Leiðsagnarnám - þróunarverkefni til fjögurra ára
- Byrjendalæsi - byrjenda- og framhaldsnámskeið
- Fræðsla um einhverfu fyrir almennt starfsfólk
- Fræðsla frá Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar



- Fræðsla á netinu frá BOFS
- Fræðsla um farsældina frá skólaþjónustu Borgarbyggðar
- Ráðstefnu ART teymis Suðurlands
- Fræðsla frá foreldrahúsi
- Vorráðstefna RGR
- Námsstefna Skólastjórafélags Íslands
- Námsstefna Skólastjórafélags Vesturlands

## Námsmat

Grunnskóli Borgarfjarðar hefur ákveðið að vinna eftir hæfni-og matsviðmiðum aðalnámskrár en ekki farið út í að búa til eigin matsviðmið. Nemendur eru metnir út frá hæfni sem krefst þess að kennarar merki við stöðu nemenda í mismunandi hæfni-og matsviðmiðum.

Á mið- og unglíngastigi er stuðst við matskvarðann A, B, B+, C, C+ og D. Á yngsta stigi eru tákni notuð sem matskvarði.

Hæfniviðmið lýsa hæfni en matsviðmið segja til um hversu vel nemandi hefur viðkomandi hæfni á valdi sínu. Hæfnikort nemenda á að sýna hvaða hæfni nemandi á að búa yfir í hverri grein, fyrir hvert aldurstig eða ár og hæfnikortið á að vera grundvöllur fyrir námsmat. Nemendur munu koma til með að eiga hæfnikort fyrir hvert námsár í öllum greinum. Kennari skipuleggur kennslu síðan út frá hæfnikortum og metur hvar nemandinn er staddur. Með því er hægt að sjá styrkleika nemandans og einnig greina hvaða hæfniviðmið nemandinn þarf að vinna betur með til að bæta sig.

Með matsviðmiðum fæst leiðsögn fyrir kennara, nemendur og foreldra um hvaða hæfni nemandi liggur að baki hverju mati. Samtal umsjónarkennara, foreldra og nemenda á að leiða til umræðu um framvindu og leiðir.

## Innra mat

Þessi vetur fór í að skoða aðrar leiðir fyrir innra mat skólans, en áður hefur skólinn nýtt Gæðagreini. Gæðagreindir hefur verið gagnlegt verkfæri fyrir skóla til þess að stuðla að breytingum, þróun og vexti skólastarfsins. Allir starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa tækifæri til þess að koma sínum hugmyndum á framfæri vilji þeir stuðla að breytingum til framfara. Ákveðið var að kaupa þjónustu frá Bravo Lesson sem er vefumhverfi sem heldur utan um allt sjálfsmat skólans. Niðurstöður alls mats eru skráðar þar inn og auðvelt að fylgjast með árangri umbótaáætlaða og bæta nýjum þáttum inn í sjálfsmatið.

Í vetur var Skólapúlsinn lagður starfsmenn skólans og fyrir nemendur í 6. - 10. bekkjar. Niðurstöður Skólapúlsins hafa verið nýtar til þess að efla skólastarfið ásamt því að aðstoða starfsmenn og stjórnendur við að leggja skýrari línur í tengslum við nám og starf nemenda. Einnig svöruðu nemendur 6.-10. bekkja Íslensku æskulýðsrannsókninni



## Þróunarstarf og verkefnahópar

Í vetur störfuðu fimm verkefnahópar sem hittast reglulega yfir veturinn, settu sér markmið og unnu að ákveðnum áhersluatriðum í skólastarfinu.

### Grænfáni

Umhverfisnefndir starfa á hverri deild fyrir sig en einnig hittast/heyrast kennarar innan Grænfánahóps reglulega yfir veturinn. Á hverri deild er verið að flokka pappír og plast inni í stofum þar sem nemendur sjá um að fara síðan með út í réttar ruslatunnur. Á öllum deildum er útikennsla í stundatöflum en þá færa kennarar kennslustofuna út fyrir þar sem nemendur fræðast um náttúru og umhverfi ásamt því að fara reglulega í ruslatínu til þess að halda umhverfinu snyrtilegu. Endurnýtanlegur efniviður er vel nýttur til fjölbreyttra verka hvort sem er listgreinakennsla, eðlisfræðikennsla eða til þess að tengja við Byrjendalæsisefni o.m.fl.

Á Hvanneyri unnu nemendur að matjurtagarði í tengslum við Landbúnaðarháskólann en á milli þessara skóla er hafið samstarf í Grænfánavinnu. Einnig settu nemendur niður fræ af kryddum til þess að fylgjast með og könnuðu vökvapörf fræanna. Á Kleppjárnsreykjum er mikið rask



vegna byggingarframkvæmda en vegna þeirra hefur þurft að fella töluvert af trjám. Þau hafa verið nýtt í smíðakennslu þar sem renndir hafa verið þessar, skálar og aðrir nytjahlutir. Jafnframt hafa trén verið flokkuð eftir því hvort þau henti í eldivið, smíði eða rest kurluð. Á Varmalandi var unnið með matarsóun og náttúrunýsköpun þar sem nemendur unnu verkefni í náttúrunýtingu með efnivið úr umhverfi sínu, t.d. söfnuðu þau könglum, muldu þá niður og notuðu í skraut og bjuggu til skálar.

Þann 19. apríl 2024 var Grænfánanum flaggað í sjötta sinn á Varmalandi og stefnt er að flöggun á Hvanneyri og Kleppjárnsreykjum á næsta skólaári.



Björk Jóhannsdóttir, Fjölur Jónsson, Gróa Erla Ragnvaldsdóttir, Magnea Helgadóttir, Sólrún Halla Bjarnadóttir og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

### Heilsuefling

Á öllum starfsstöðvum skólans eru mótuneyti sem bjóða nemendum og starfsfólki fjölbreyttan og næringarríkan mat sem oftast er eldaður frá grunni. Nemendur fara í morgungöngur með kennurum sínum og nemendur fá 3 – 4 kennslustundir í íþróttum á viku. Námsráðgjafi býður nemendum viðtöl og aðstoð við að vinna úr tilfinningaerfiðleikum og leysa samskiptamál. Einnig sinnir námsráðgjafi handleiðslu fyrir starfsfólk. Verið er að



innleiða farsældarlögin í skólastarfið og eru þau liður í að nemendur og fjölskyldur þeirra fái markvissari og aðgengilegri aðstoð. Heilsueflandi hópur vinnur að því að svara listum sem verða notaðir sem grunnur til að byggja við þróun heilsueflandi skóla.

Lára Kristín Gísladóttir, Marinó Muggur Þorbjarnarson, María Jónsdóttir,  
Unnur Jónsdóttir og Vigdís Sigvaldadóttir

## Leiðtoginn í mér

Leiðtoginn í mér byggir á 7 venjum Stephen Covey. Þessar venjur eru leið til að aðstoða bæði nemendur og starfsfólk að takast á við áskoranir og tækifæri sem nútímasamfélagið hefur upp á að bjóða. Nánar um verkefnið má lesa á heimasíðu skólans:

<https://borgarbyggd.is/stofnun/gbf/sidur/nam-og-kennsla/leidtoginn-i-mer>

Lagt er upp með að hugmyndafræði leiðtogans í mér fléttist inn í allt skólastarf. Í vikubrífum skólastjórnenda til starfsfólks eru venjurnar reglulega rifjaðar upp og á þemadögum einu sinni á ári er unnið sérstaklega með venjurnar. Fyrstu tvær vikur skólaársins er lögð áhersla á bekkjaranda og samskipti.

Yngsta- og miðstig á Kleppjárnsreykjum vann sérstaklega með venjurnar í hringekju þar sem nemendur fengu þjálfun í að nýta sér venjurnar 7. Á yngsta stigi var lögð áhersla á að efla sjálfsþekkingu nemenda, félagatengsl, samskipti og almennan tilfinningaþroska. Á miðstigi var lögð áhersla á að efla grósku hugarfar nemenda, kenna þeim að bera ábyrgð á eigin tilfinningum og gjörðum, vinna með sjálfsvitund, samskipti og markmiðasetningu. Unnin voru verkefni sem voru meðal annars í formi umræðna, leikja eða á verkefnablöðum. Verkefni tengdust áhrifaringnum, hvernig eigi að bregðast við mismunandi tilfinningum, markmiðasetningu, virkri hlustun, samvinnu- og samskiptahæfni og að þekkja og vinna með styrkleikana sína. Nemendur og kennarar voru ánægðir með afraksturinn og skapaðist skemmtilegt andrúmsloft í tímum þar sem samræðurnar voru gefandi og lögðu nemendur sitt af mörkum.

Ása Katrín Jónsdóttir, Helga Jensína Svavarsdóttir, Ingibjörg Adda Konráðsdóttir og  
Sunna Kristín Gunnlaugsdóttir

## Forvarnarhópur fyrir einelti

Í vetur ákvað hópurinn að einblína á fræðslu fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Skólastjórnendur GBF og forvarnarteymi Borgarbyggðar stóðu fyrir mörgum góðum fræðsluviðburðum. Í september fengu allir nemendur og allt starfsfólk skólans fræðslu á vegum Símenntunar á Vesturlandi um fordóma og góð samskipti, í ljósi þess að fólki af erlendum uppruna fjölgar hratt á Íslandi. Í nóvember fengu allir starfsmenn og foreldrar nemenda í 6.-10. bekk vímuefnafræðslu frá Foreldrahúsi. Afar vel heppnað erindi sem fékk mikið lof.

Unnið var með samskiptavanda á miðstigi. Bjarni Fritz kom í heimsókn í skólann og vann með ákveðna hópa og hélt svo fræðslukvöld fyrir foreldra og nemendur.

Áhersla var lögð á fræðslu um netöryggi og samskipti á netinu. Á haustönn fengu nemendur í 5.-10. bekk kynningu frá Lalla töframanni á vegum SmartBus um hegðun sína og líðan á netinu. Á vorönn fengu nemendur í 4.-10. bekk fræðslu um netöryggi og samskipti á netinu á vegum SAFT. Einnig var foreldrum boðið upp á fræðslu á vegum SAFT.

Anna Helga Sigfúsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ólafur Daði Birgisson, Sæunn Ósk Kjartansdóttir og Unnar Þór Bjartmarsson.

## Réttindaskóli

Í haust var farið í að fullmanna í réttindaráð á öllum deildum en það skipa kennarar, nemendur og foreldri. Réttindaráðið hittist reglulega og metur stöðuna ásamt því að ákveða næstu skref innan verkefnisins. Nemendur fá sterka rödd innan réttindaráðsins og völdu þeir þær greinar sem áttu að vera að leiðarljósi í starfi vetrarins innan skólans.

Þær eru: 19. grein – Vernd gegn ofbeldi og 22. grein - Börn sem flóttamenn.

Réttindaráðið hefur í vetur verið að vinna að lokamarkmiðum þess að gera GBF að réttindaskóla. Því hafa fundir snúist um kannanir, verkefni og að útbúa aðgerðaáætlun. Hluti af þeim verkefnum sem réttindaráðið vann að var að virkja hugmyndakassa á hverri deild, útbúin var barnvæn móttökuáætlun ásamt því að útbúa réttindaráðsveggi á öllum deildum. Stærsta verkefnið var undirbúningur Barnþings en allir nemendur GBF tóku þátt í Barnþingi þann 20. nóvember sem er alþjóðlegur dagur mannréttinda barna. Stefán Broddi sveitarstjóri Borgarbyggðar setti þingið en einnig kom Lilja Rannveig þingmaður og hélt hvatningarræðu til nemenda. Ævar Örn rithöfundur sendi einnig myndbrot þar sem hann hvatti nemendur í að hafa skoðun áður en nemendur hófu vinnu við verkefni þingsins. Réttindaráðið vann síðan úr niðurstöðum þingsins en unnið var út frá tveimur vinklum, annars vegar íslenskum nemendum og hins vegar erlendum nemendum því sýn þeirra getur verið mjög ólík í tengslum við greinar 19 og 22.



Agnes Guðmundsdóttir, Anna Dís Þórarinsdóttir, Ása Erlingsdóttir og Elísabet Halldórsdóttir

## Skýrslur kennara

### Yngsta stig

#### Hvanneyri

Skýrsla kennara nær til bæði yngsta- og miðstigs í ár. Áherslurnar í kennslustofunni voru á lestrarfærni, talnaskilning, lesskilning, sjálfstæð vinnubrögð og félagsfærni. Unnið var eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis þar sem nemendur kynntust ólíkum textum, unnu sundurgreinandi vinnu með orð og leyfðu sköpunargáfunni að ráða við enduruppbyggingu texta. Í þeirri vinnu var áhersla lögð á að nemendur fengu tækifæri til að glíma við verkefni sem voru aðlöguð að þeirra getu og færni að hverju sinni. Í 1.-3. bekk var m.a. unnið með bækurnar Langafi drullumallar, Gula sendibréfið, Emil í Kattholti, Strandaglópar og Sjóræningjarnir í næsta húsi. Í 4.-5. bekk var einnig unnið með Emil í Kattholti ásamt bókunum Það býr Vampíra hér og Það er skrímli í súpunni minni. Læsisfemma var innleidd í 4. og 5. bekk þar sem nemendur unnu með mismunandi verkefni til að þjálfra læsi og má þar nefna paralestur, hlustun, ritun, yndislestur og fleira.



Í stærðfræði var unnið með bækurnar Sprota í 1. - 4. bekk og Stiku í 5. bekk. Kennslan var einstaklingsmiðuð þar sem tekið var tillit til mismunandi getu og þarfa einstaklinga. 1.-4. bekkur voru saman í stærðfræði einu sinni í viku og voru þeir tímar nýttir í skapandi vinnu. Þar spiluðu stimpilstöðvar stórt hlutverk ásamt forritinu Osmo þar sem nemendur unnu með mismunandi tölur og lærðu að forrita.

Leikskólalesturinn hélt áfram frá fyrra skólaári þar sem 3-4 nemendur fóru á þriggja vikna fresti með kennara á leikskólann Andabæ og lásu fyrir leikskólabörn. Samstarf milli leikskóla og grunnskóla var í hávegum haft þar sem skólahópur kom í heimsókn í kennslustundir á tveggja vikna fresti. Þá fengu þau ýmist að fylgja í útikennslu, tóku þátt í textíl eða stöðvavinnu og fengu einn daginn að borða hádegismat með fyrsta bekk. Einnig gekk samstarf við Kleppjárnsreykjadeild vel þar sem 2-3 nemendur úr fimmta bekk fóru í dagsheimsókn þangað á tveggja vikna fresti.



Áfram var áhersla lögð á heilsueflingu þar sem nemendur fóru daglega í göngutúr í byrjun skóladags. Skólinn vann verkefni sem sneru að Grænfánanum með því t.d. að týna rusl á Hvanneyri og vigta matarafganga eftir hádegismat til að koma í veg fyrir matarsóun.

Í ár tóku kennarar þátt í nýju þróunarverkefni í tengslum við Leiðsagnarnám. Kennarar lögðu mikið upp úr því að hrósa nemendum fyrir góðan árangur, kærleika, vel unnin störf og fleira í

þeim dúr með því að afhenda þeim hrósmiða. Innleiðing Leiðsagnarnáms er enn í vinnslu og því verður haldið áfram að fara þróunarhringi næsta skólaár.

Árið var afar viðburðarríkt en strax í lok ágúst fóru nemendur 5. bekkjar á Miðstigleikana sem haldnir voru í Borgarnesi þar sem nemendur tóku þátt í hinum ýmsu þrautum.



Nemendur í 1.-4. bekk tóku þátt í

Yngsta stigs leikunum á Varmalandi í byrjun september. Í byrjun október voru haldnir þemadagar þar sem þemað var sjálfstyrking nemenda og unnu nemendur ýmis verkefni sem voru til þess fallin að efla þau. Á degi íslenskrar tungu lærðu nemendur textann við lagið Veldu stjörnu eftir Ellen Kristjánsdóttur í gegnum byrjendalæsi. Einnig sungu þeir lagið fyrir leikskólanemendur og starfsfólk Landbúnaðarháskólans. Litlu jólin voru haldin með hefðbundnum hætti þann 20. desember. Kennarar og nemendur borðuðu jólamat saman, dansað var í kringum jólatréð og jólasveinninn mætti með gjafir á svæðið.

Fyrsti viðburður ársins 2024 var Álfabrennan þar sem nemendur ásamt skólahópi fóru saman í Skjólbeltin og brenndu jólatréð sem hafði verið uppi í skólanum. Í lok janúar voru haldnir þemadagar og var þemað Grænfáni og Leiðtögin í mér og voru verkefni nemenda í þeim anda. 4. og 5. bekkur fóru í skauta- og menningarferð í byrjun mars og voru kennarar og nemendur hestánægðir með ferðina. Nemendur heimsóttu Þjóðminjasafnið og Vísindasmiðju á vegum HÍ áður en farið var á skautasvellið.

Árshátíðinni og aðdraganda hennar voru gerð góð skil í ár að venju. Nemendur settu upp leikritið Emil í Kattholti og samhliða því snerist lestur og íslenskuverkefni að mestu leyti um söguna um Emil. Nemendur hlustuðu á löggin úr leikritinu, teiknuðu myndir og lásu texta.

Árshátíðardagurinn gekk vonum fram og voru foreldrar og nemendur í skýjunum með sýninguna.



Útikennslan var á sínum stað og var fjölbreytt að vanda. Nemendur fóru í

Skjólbeltin, spiluðu útbingó, bjuggu til mat fyrir fuglana, skautuðu á svelli þegar veður leyfði og fóru í marga göngutúra um svæðið og týndu m.a. rusl í einum slíkum.

Skólaípróttir voru kenndar í íþróttahúsinu á Hvanneyri þar sem nemendahópnum var skipt í þrjá hópa. Unnið var mikið með hreyfingu í gegnum leiki ásamt því að farið var í hefðbundnar boltaípróttir. Sundkennslan fór fram í Hreppslaug þar sem nemendum var skipt í þrjá hópa. Kennt var í tveimur lotum sem voru 10 skipti að hausti og hver hópur var ofan í lauginni í eina klukkustund í hvert skipti og svo aftur 10 daga að vori.

Í sjónlistum og textíl unnu nemendur fjölbreytt verkefni í ár. 1. bekkur lærði helstu reglur umgengni í textílstofunni og hvernig meðhöndla eigi námsgögnin. Einnig lærðu þau um

helstu grunnlitina, grunnformin, hugtökin for- og bakgrunn og fengu að skapa ýmis listaverk. Þau saumuðu púða eftir eigin teikningu, lærðu að þræða nál og fela enda ásamt því að æfa sig í aftursting og krosssaum. 2. bekkur vann með heita og kalda liti, litablöndun, munstur og línur og mismunandi notkun lita. Unnið var með sköpun úr eggjabökkum, klósettrúllum og öðru afgangsefni. Nemendur teiknuðu mynd og saumuðu með aftursting ásamt því að gera filtmynd á striga. 3. bekkur lærði um grátóna og mismunandi litanotkun, unnu með vatnsliti og mismunandi pappír og einnig unnu þau með mismunandi form, munstur og línur. Í textíl krosssaumuðu þau. 4. bekkur lærði um hlutföll í andliti og líkama og fengu að gera frjáls verkefni af ýmsu tagi. Nemendur æfðu sig að þrjóna og krosssauma en fengu auk þess að kynnast saumavél. 5. bekkur vann með hugtökin hlutföll og fjarvídd. Fengu að nota acrylpenna, teiknuðu eftir fyrirmynd og hönnuðu sitt eigið pennaveski. Þeir lærðu að þrjóna og hanna sinn eigin innkaupapoka.

Anna Helga Sigfúsdóttir og Sunna Kristín Gunnlaugsdóttir

## Kleppjárnsreykir

Áherslur í námi þennan veturinn voru á byrjendalæsi, stærðfræði og bekkjarbrag. Einnig var unnið að því að innleiða leiðsagnarnám. Teymiskennsla var í 1.- 4. bekk líkt og undanfarin ár en umsjón var skipt upp í tvo hópa: 1.- 2 bekk og 3.- 4. bekk. 1.- 2. bekkur var í Kastalanum en 3.- 4. bekkur í Höllinni. Auk þess var matsalurinn stundum nýttur til kennslu og hóparnir voru saman í útikennslu.

Stærðfræði var kennd að hluta til í stöðvavinnu þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni, spil og spjaldtölvur voru nýttar í bland við Sprotabækur. Ákveðin fög voru samþætt eins og byrjendalæsi, náttúrufræði og samfélagsfræði. Í byrjendalæsi var unnið eftir hefðbundnum aðferðum er snúa að því námi. Lesnar voru bækur um efnið og unnin fjölbreytt verkefni s.s. skapandi skrif, greinandi vinna, ritun, lestur, lykilorðavinna, rím og vinna með hljóðvitund.



Í samfélagsfræði í 3.-4. bekk var lögð áhersla á fugla og villt íslensk spendýr, íslenska þjóðhætti, landnámið og snigla. Tekin voru fyrir eldgos, jarðskjálftar og umhverfisáhrif í heild sinni.

Lífsleikni í 3.-4. bekk var kennd í vetur í bland við bekkjafundi. Nýtt var námsefnið Verkfærakistan til að vinna með samkennd, tilfinningar og bekkjarbrag. Einnig var Leiðtoga í mér kenndur í hringekju þar sem unnið var með venjurnar 7. Þar var unnið með hópeflisleiki og umræður um samskipti, virðingu og félagsfærni. Búbblutímar voru í boði fyrir alla í hverri viku.

Í list- og verkgreinum fengu nemendur 40 mínútur á viku allan veturinn í textíl, 80 mínútur á viku 2/3 úr vetri í sjónlistum og 80 mínútur 1/3 úr vetri í smíði. Í sjónlistum kynnst nemendur mismunandi tækni s.s. málun, þrykki, mótun í leir, klippa, líma o.fl. sem hæfir getu hvers og eins. Verkefni eru valin af kennara og hjálpar kennari nemanda að útfæra þau eftir óskum, einnig er hlustað á óskir nemenda um verkefnaval. Í textílmennt var verið að nýta sem flestar aðferðir s.s. þrjón, útsaum, sauma á saumavél og var vefnaður sérstaklega kynntur. Í smíði fengu nemendur einföld verkefni sem hæfðu hverjum aldri fyrir sig.



Hjá 1.- 2. bekk var unnið með verkfærakistu KVAN, íslenska fugla og norrænu goðin. Mikil áhersla var lögð á að bæta bekkjarbraginn, þjálfva upp samkennd, samvinnufærni og að bera virðingu hvert fyrir öðru.

Áfram var lögð áhersla á útinám líkt og síðustu ár og tengt við náttúrufræðikennslu. Vikulega var farið í útikennslu sem var ýmist úti á Læknistúni eða í nærumhverfi skólans. Þar var áhersla á samskipti og samvinnu, unnið var með þann efnivið sem að árstíðirnar buðu upp á. Farið var í ýmsa útileiki og fræðst um lífríkið og heimabyggðina.

List fyrir alla kom í heimsókn til 3.-4. bekkjar í september. Yngsta stigs leikar voru í byrjun september og hittust deildirnar þrjár á Varmalandi þetta árið og unnið var með galdra. Jón Pétur danskennari kom til okkar í haust með hópeflis-, dans og félagsfærninámskeið fyrir öll stig skólans og var það mjög vel lukkað. Gaman að sjá hvað krakkarnir vinna vel saman þvert á aldur. Fjölgreindaleikar og þemadagar voru haldnir í október. Í nóvember var haldið Barnaþing á Varmalandi. Litlu jólin voru svo með hefðbundnu sniði 20. desember. Hver hópur var í sinni stofu en borðað var í matsalnum hangikjöt og tilheyrandi, yngsta stig með unglingastigi. Á þemadögum í janúar var unnið þvert á aldur með þau verkefni sem skólinn tekur þátt í: grænánann, heilsueflingu, leiðsagnarnám og leiðtogann í mér.



Í byrjun mars var 1.- 2. bekk boðið á tónleikana Maxímús hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi. Einnig voru fastir liðir eins og ljósahátíð, þorrablót og öskudagsskemmtun á sínum stað.

Árshátíðin var haldin í Logalandi 20. mars og foreldrum og gestum boðið að koma. Yngsta stig sameinaðist í vinnu með æsina og gerðu leikið myndband þar sem allir tóku þátt með

leik eða myndskreytingum. Einnig sungu þau lagið um það sem er bannað. Fjórði bekkur fór í menningarferð til Reykjavíkur í mars þar sem farið var á skauta og í Þjóðminjasafnið.

Samstarf leik- og grunnskóla var talsvert og kom leikskólahópur reglulega í heimsókn og tók þátt í daglegu starfi nemenda. 30. apríl komu þau með skólabílnum einn dag og fengu að vera allan daginn. Samstarfið var þó minna en vonir stóðu til vegna manneklu en vonandi gengur það betur næsta skólaár.

Á vordögum tóku börnin þátt í gönguferð upp á Hurðarbaksfell, hjólaferð í Logaland þar sem þau fengu pizzur og léku í skóginum. Sundmót var haldið, ratleikur, hoppukastali og árlegur fótboltaleikur þar sem 10. bekkur keppir við starfsfólk.

Farið var í vorferðir í stað skíðaferðar þetta árið. 4.- 6. bekkur fór saman í ferð í Víðgelmi og að Háafelli þar sem grillaðar voru pylsur og geiturnar skoðaðar. 1.- 3. bekkur fór í Fjölskyldu og húsdýragarðinn, grilluðu pylsur þar, skoðuðu dýrin og léku sér í garðinum.

Lára Kristín Gísladóttir og Unnur Jónsdóttir

## Varmaland

Sérstök áhersla þennan veturinn var lögð á einstaklingsmiðað nám, jákvæðan bekkjarbrag og íslensku. Unnið var m.a. eftir aðferðum byrjendalæsis í íslensku og lestrarstefnu fylgt varðandi eftirfylgni með heimalestri, prófunum og skimunum. Einnig var mikil áhersla lögð á leiðsagnarnám. Líkt og síðustu tvö ár litaðist skólastarf á Varmalandi mjög að fjölmenningu og kennslu barna á flótta frá Úkraínu. Unnið var af kappi að koma sem flestum nemendum inn í tungumálið og koma þeim hægt og rólega inn í hefðbundið nám.



Hver skóladaur hófst á lestri fyrir kennara og skrift eða völdum verkefnum. Nemendur unnu skriftaræfingar í hefðbundnum skriftarbókum, skrifuðu bréf og skrítlur. Vegna fjölbreytileika tungumáls inn í kennslustofunni var mikið unnið með verklegar æfingar og samþættingu námsgreina með fjölbreyttum kennsluháttum. Fjölmargar tilraunir voru framkvæmdar og nýttar til kennslu í náttúrufræði og stærðfræði. Sérstaklega var ein tilraun krökkunum minnstæð og var það krufningartíminn þegar við fengum líffæri úr kind og lambi sem nemendur krufðu, skoðuðu hjarta, lungu, barka og fleiri líffæri og unnu svo áfram rannsóknarverkefni um líffæri og heilsu. Einnig var töluvert unnið með tilraunir og rannsóknir á umhverfi skólans sem er sérstaklega gott hvað skólastarf varðar. Nemendur rannsökuðu mismunandi trjátegundir sem finnast á skólalóðinni, fræddust um jarðsögu Borgarfjarðar og settu upp skordýragildir. Allskyns nýsköpunarhugmyndir komu einnig upp varðandi nýtingu náttúruauðlinda í nærumhverfinu. Í ár var lögð töluverð áhersla á að fræðast um jörðina og geiminn. Innri bygging jarðarinnar var skoðuð og nemendur hönnuðu sín módel. Sömulleiðis unnu nemendur módel af sólkerfinu og var sú vinna unnin í teymiskennslu í 1.-4. bekk.



Áfram var ljóðalestur og söngur stór hluti af námi nemenda. Vikulegir bekkjarfundir voru nýttir til umræðu um samskipti, félagsfærni, leiðtoga og styrkleikavinnu. Nemendalýðræði var þar í hávegum haft þar sem nemendur tjáðu eigin hugmyndir og skoðanir. Lýðræðishugmyndir náðu svo hámarki við lok skólans þegar nemendur tóku virkan þátt í forsetakosningum. Horft var á framboðsræður frambjóðenda og sett var upp kosningastöð og kjörklefi og kusu allir nemendur þann frambjóðanda sem þeim leist best á.

Áhersla hefur verið lögð á að nýta fjölbreytt verkfæri tækninnar, sér í lagi til að tengja nemendur

tungumálalega. Útikennsla var í stundatöflu tvær kennslustundir á viku ásamt því að hvert tækifæri var notað til að færa nám nemenda út fyrir



kennslustofuna. Þar sem nánasta umhverfi skólans var nýtt til náms, sköpunar og hreyfingar.

Árshátíð nemenda var glæsileg og stór sigur. Nemendur í 1.- 4. bekk settu upp leikritið Kolrassa krókríðandi. Nemendur og foreldrar þeirra mættu laugardagseftirmiðdag og sköpuðu sína eigin búninga. Nemendur aðstoðuðu við að búa til leikmynd og æfðu sönglög. Foreldrum og forráðamönnum var svo boðið á sýninguna.

Farið var í heimsókn í Bakkakot og lömbin skoðuð, á sama tíma vann 1. og 2. bekkur með íslensku húsdýrin í samþættu námi í íslensku, náttúru-, samfélags- og stærðfræði. Í list- og verkgreinum fengu nemendur tvær samliggjandi kennslustundir og var lögð áhersla á að samræma vinnu þar við viðfangsefni í bekkjum hverju sinni. Í list- og verkgreinum var haft að leiðarljósi að finna og vinna með styrkleika hvers og eins. Vegna breyttrar samsetningar á þjóðerni nemenda var enn ríkari áhersla lögð á sýnikennslu og túlkun á milli tungumála. Hjá 1.-4. bekk var boðið uppá hefðbundna verkmenntakennslu. Fyrir jól var lögð áhersla á textíl kennslu og eftir jól á myndmenntakennslu. Verkefnahugmyndir komu að mestu frá kennara, einnig fengu nemendur að spreyta sig á eigin hugmyndum. Í smíði fengu nemendur einföld verkefni sem hæfðu hverjum aldri fyrir sig. Einnig voru nemendur í heimilisfræði og upplýsingatækni.



Nemendur fengu þrjár kennslustundir á viku í íþróttum og eina í sundi. Markmiðið var að nemendur lærðu helstu grunnhreyfingar, næðu færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifðu tap og sigra. Að nemendur upplifðu hreyfingu á jákvæðan hátt og allir tækju þátt og fengu útrás fyrir

hreyfipörf sína. Sundkennsla fór fram með hefðbundum hætti. Æfingar í leikjaformi og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir. Líkamsmælingar voru framkvæmdar að hausti og vori. Mælingar voru Skógarhlaup (Valsholts hringurinn 2,0 km), píptest og styrktar mælingar. Svæðið í kring um skólann var nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna.

Samstarf leik- og grunnskóla gekk vel og kom skólahópur nokkrum sinnum í heimsókn í skólann og tók þátt í daglegu starfi nemenda.

Að venju var síðasti skóladagurinn leikdagur þar sem nemendur fengu frjálst val um stöðvar og að lokum kepptu nemendur og starfsmenn sín á milli í knattspyrnu þar sem starfsmenn fóru með sigur að hólmi að þessu sinni.

Marinó Muggur Þorbjarnarson og Ólafur Daði Birgisson

## Miðstig

### Kleppjárnreykir

Á þessu skólaári var lögð megin áhersla á góða samvinnu, jákvæðni, góð samskipti, vinnusemi og vellíðan. Nemendur fengu að glíma við ýmis verkefni þar sem þeir þurftu að beita sjálfstæðum vinnubrögðum og læra að bera ábyrgð á eigin námi.

Hópnum á miðstigi var skipt í tvo hópa, 7. bekk annars vegar og 5. – 6. bekk hins vegar og voru krókar og kimar nýttir til kennslu til þess að skapa meiri ró og næði fyrir nemendur.

Námið var einstaklingsmiðað og greinar samþættar eins og kostur var. Í öllum fögum voru fjölbreyttar kennsluáferðir og símat notað til þess að meta árangur nemenda í fjölbreyttum skilum á verkefnum.

Náttúru- og samfélagsfræði var kennd í lotum. Í byrjun hvernar lotu var ákveðið efni kynnt og fengu nemendur síðan tækifæri til að kafa dýpra í efnið með nokkuð frjálsum skilum.

Í íslensku var gerð breyting frá því sem áður var og var stöðvavinna í íslensku alla morgna.

Nemendum var þá skipt í fimm jafn stóra hópa, um það bil sjö nemendur í hverjum hópi, og hver hópur nýtti morguninn í mismunandi vinnu. Morgnarnir skiptust í lestur, hlustun, málfræði, ritun og íslensku spil. Þar að auki var einn tími á viku sem nemendur höfðu til þess að vinna í ákveðnum verkefnum með kennara, líkt og hlustunarskilningi og upplestri og var þá miðstigshópnum skipt í tvennt eftir aldri.

Stærðfræðin var unnin í lotum, um það bil þrjár vikur í senn og nemendur fengu þjálfun í því að bera ábyrgð á eigin námi. Eftir lok hvernar lotu voru stærðfræðitímar heillar viku notaðir í að vinna fjölbreytt verkefni út frá efni þeirrar lotu sem var á undan. Gafst þá tími til þess að kafa dýpra í efnið og vinna skapandi verkefni. Símat var í stærðfræði með þeirri undantekningu að nemendur þreyttu tvö stór



próf, við lok hvorrar annar og gildi sú einkunn helming á móti þeim verkefnum sem hafði verið skilað yfir árið.

Útikennsla var tvær kennslustundir á viku og fengu nemendur að spreyta sig á ýmsum verkefnum í tengslum við náttúrufræði og umhverfismennt. Nemendur fengu að klippa og saga niður birkitré sem þurfti að fella vegna byggingar á nýju skólahúsnæði og tóku einnig þátt í að kurla og höggva niður þann efnivið svo hægt væri að nýta hann í kennslu næsta skólaár. Einnig bjuggu nemendur til skjól á læknistúni, fóru í ýmsa leiki, söfnuðu skordýrum og gerðu margvíslegar tilraunir.



Í list- og verkgreinum var boðið upp á níu fjölbreyttar stöðvar og var hópnum skipt í þrennt og kennt í hringekju. Hver hópur var í þremur stöðvum á viku, kennt í tvær kennslustundir í senn, í um sjö vikur. Í hringekjunni fóru nemendur í smíði/upplýsingatækni/sjónlistir, textílmennt/vinnutími og kynfræðsla/leiðtoginn í mér/smíði. Þar að auki var miðstigi boðið upp á nýtt fyrirkomulag og fengu nemendur að taka þátt í vali með unglingsstigi tvær kennslustundir á viku. Fjölbreytt val var í boði og voru nemendur á þeirri stöð sem þeir völdu í um 6 vikur í senn. Þá var skipt og fleira hægt að velja úr og voru skiptingarnar fjórar yfir árið.

Allir nemendur fá þrjár kennslustundir á viku í íþróttum. Áhersla er lögð á að íþróttatímarnir hæfi getu og þroska nemenda og að þeir læri að virða þær reglur sem fara verður eftir í leikjum og öðrum íþróttum. Lögð er áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda. Í sundi fengu nemendur eina kennslustund á viku. Áhersla er lögð á að sundtímar hæfi getu og þroska nemenda, einnig að þeir læri að hlíta fyrirmælum og öryggisatriðum sundstaða og öðlist skilning á þeim hættum sem fylgja sundiðkun. Á miðstigi aukast kröfurnar síðan jafnt og þétt þar sem mikil áhersla er lögð á björgunarsund.

Unnið var þróunarstarf í tengslum við heilsuefingu þar sem árlegt bekkjarsundmót var haldið, nemendur fóru á miðstigsleika og samstarfsdag, farið var í göngu- og hjólaferð og fótboltaleikur spilaður við kennara. Einnig var áhersla lögð á grænánaverkefnið, þar sem nemendur unnu að því í útikennslu að nýta þann efnivið sem til féll vegna framkvæmda á skólalóðinni. Í sjónlistum og textíl fengu nemendur 80 mínútur á viku 1/3 úr vetri í hvorri grein. Í hönnun og smíði fengu nemendur tvisvar sinnum 80 mínútur á viku 1/3 úr vetri. Í sjónlistum kynntust nemendur mismunandi tækni s.s. málun, þrykki, mótun í leir, klippa, líma, 3Dprentun o.fl. sem hæfir getu hvers og eins. Verkefni eru valin af kennara og hjálpar kennari nemanda að útfæra þau eftir óskum en einnig er hlustað á óskir nemenda um verkefnaval. Gerð eru verkefni sem tengjast





frumpáttum myndlistar. Í textílmennt er reynt að nota sem flestar aðferðir s.s. prjón, útsaum, sauma á saumavél, vefnað og fleira. Sýnikennsla er megin kennsluaðferðin en einnig eru nemendur hvattir til að hjálpa hver öðrum. Í smíði fékk miðstigið minni tíma en síðustu vetur svo lagt var upp með einföld verkefni og nokkuð frjálst eftir það. Nemendur fengu einnig einn tíma á viku í myndlistar- og textílstofu sem nýttist ýmist til listsköpunar að eigin vali eða að spila stærðfræðispil og læra ný.

Skólaárið byrjaði með þemavinnu í samskiptum og bekkjarbrag fyrstu vikuna þar sem nemendur unnu þemaverkefni í tengslum við Lego kubba. Nemendur fengu í litlum hópum að spreyta sig í því að finna leiðir til að byggja ákveðinn hlut eða leysa ákveðið verkefni með kubbunum. Að tveimur vikum liðnum voru nemendur tilbúnir með verkefnin og búnir að útbúa sameiginlegan bekkjarsáttmála sem nemendur og foreldrar skrifuðu undir á bekkjarkvöldi. Á bekkjarkvöldinu var einnig námsefniskynning þar sem nemendur sýndu foreldrum sínum námsefni vetrarins.

Ljósahátíðin var í lok nóvember, þar sem yngsti og elsti nemandi skólans kvektu ljósin á útiseríu skólans. Kennarar reyndu að halda uppbroti í lágmarki, þar sem áhersla var lögð á að halda skipulagi eins mikið og unnt var vegna fjölbreytts nemendahóps. Þó var í desember föndurdagur, þar sem nemendur fengu að flakka á milli fjölbreyttra föndurstöðva, jólaþeysudagur og leynivinaleikur.



Nemendur fóru einnig í sínar árlegu ferðir, þar sem nemendur í 5. bekk fóru í skauta og menningarferð og 7. bekkur á Reyki og í skíðaferð. Því miður náði 6. bekkur ekki að fara í árlegu siglingarferðina en fær árgangurinn að fara í þá ferð á næsta skólaári.

Í byrjun maí var opið hús vegna Barnamenningarhátíðar og tóku nemendur á móti gestum og gangandi og sýndu þeim verk sem unnin höfðu verið um veturinn.

Síðasta vika skólaársins var mjög fjölbreytt og mikið um uppbot. Nemendur í 5. – 6. bekk fóru í vorferð í hellinn Víðgelmi og á Háafell að klappa kiðlingum. 7. bekkur fór ásamt 8. og 9. bekk á Varmaland þar sem þau unnu fjölbreytt verkefni með Varmlendingum. Nemendur fengu að velja hjóla- eða gönguferð og haldið var bekkjarsundmót. Á síðasta degi skólaársins var síðan boðið upp á hoppukastala, leiki, andlitsmálningu og grillaða hamborgara og fóru nemendur glaðir og jákvæðir í sumarfrí.

Sæunn Ósk Kjartansdóttir og Vigdís Sigvaldadóttir

## Varmaland

Á miðstigi í vetur hefur nemendafjöldinn verið nokkuð jafn en aðeins aukist þegar leið á veturinn. Þrír nýnemar með annað móðurmál en íslensku bættust í hópinn og einnig nemandi sem færði sig á milli skóla þegar leið á veturinn. Samsetning hópsins hallaði verulega á nemendur með íslensku sem



móðurmál þar sem hlutfall í lok árs var 3 á móti 12. Umsjónakennarar voru tveir sem kenndu í teymi með þriðja kennara, þeir sömu og í unglingadeild. Í unglingadeild og á miðstigi var mikil samvinna þar sem sama kennarateymi sá um báða hópana.

Kennsluaðferðir eru margvíslegar á stiginu og fara eftir þeim verkefnum sem lögð eru fyrir og reynt er að vinna á fjölbreyttan hátt yfir skólaveturinn. Í stærðfræði eru gerðar áætlanir þar sem nemendur fylgja tímaplani. Þannig næst að hjálpa hverjum nemanda að fara á sínum hraða og byggja á eigin þekkingu. Áhersla er lögð á heimalestur sem stærsta hluta heimanáms. Nemendur hafa alltaf val um að taka nám til að sinna heima fyrir utan heimalestur. Nemendur á miðstigi hafa stundum val um útfærslur á sínum verkefnum sem er góður undirbúningur fyrir áframhaldandi nám. Áhersla er á samþættingu námsgreina í verkefnavinnu með nemendum, hvort sem í hópa- eða einstaklingsverkefnum.



Í vetur hafa kennarar einnig verið í fræðslu um Leiðsagnarnám og hefur það sést meira og meira þegar leið á veturinn í kennslunni á miðstigi. Námsmat er nokkuð fjölbreytt og byggist á símati á verkefnum, vinnu nemenda og virkni. Kannanir og kaflapróf eru einnig hluti af námsmati. Líkt og undanfarin ár fékk hópurinn ýmiskonar fræðslu og byggðist hún mest á forvörnum um netöryggi, fjölmenningu, ofbeldi og skyndihjálp.

Nemendur í 5.-10 bekk fóru í val þar sem fjölbreytt verkefni voru í boði. Sem dæmi má nefna bóka- og bæklingagerð, þýska, úkraínsk samfélagsfræði, heimanám og tölvur, heimilisfræði, frístundaleikir og hekl. Í áhugasviðsvali völdu nemendur sér viðfangsefni. Það var m.a. mjög vinsælt að vinna með ull, svokallaða þurr þæfingu. Búin voru til ýmiskonar listaverk úr ullinni. Einnig var mikill áhugi á skartgripagerð. Margt var gert eins og falleg armbönd, hálsmen og myndir. Yfir veturinn var nemendum skipt í þrjá hópa. Þeir völdu sér verkefni eftir áhugasviði og unnu þau undir leiðsögn kennara. Í lok hvernar vinnutarnar sýndu nemendur hvað þeir höfðu gert og völdu sér síðan annað verkefni eða kláruðu það sem var óklárað.

Nemendur fengu þrjár kennslustundir á viku í íþróttum og eina í sundi. Markmiðið var að nemendur lærðu helstu grunnhreyfingar, næðu færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifðu tap og sigra. Að nemendur upplifðu hreyfingu á jákvæðan hátt og allir tækju þátt og fengju útrás fyrir hreyfipörf sína. Sundkennsla fór fram með hefðbundum hætti. Æfingar í leikjaformi og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir. Líkamsmælingar voru framkvæmdar að hausti og vori. Mælingar voru Skógarhlaup (Valsholts hringurinn 2,0 km), píptest og styrktarmælingar. Svæðið í kring um skólann var nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna.

Nemendur í 4. og 5. bekk heimsóttu Þverárrétt og fyrir nokkra nemendur var það í fyrsta sinn sem þeir upplifðu slíkt. Sami hópur fór síðan í skauta- og menningarferð til Reykjavíkur.

Þemadagar voru á sínum stað ásamt árshátíð og þeim undirbúningi sem henni fylgir, þar sem nemendur sýndu hvað í þeim býr. Á vordögum fengu nemendur að upplifa sauðburð í heimsókn í Bakkakot.

Í haust var kennari við skólann sem sá um að taka á móti nýnemum sem höfðu íslensku sem annað tungumál.

Nemendur komu síðan inn í bekki

þegar þeir höfðu náð grunnpáttum. Um áramót breyttist þetta og umsjónarkennarar tóku að sér að sinna ÍSAT kennslu út skólaárið. Vegna samvinnu tveggja stiga var hópnum skipt í minni hópa til að sinna ÍSAT kennslu. Í febrúar lauk þriðji kennari í teymi störfum við skólann og þá tók íslenskukennari við þessari kennslu.



Ása Erlingsdóttir og Elena Lobko

## Unglingastig

### Kleppjárnsreykir

Samstarf unglíngastígsins er mikið og saman fer hópurnir í hópeflisferð á hverju hausti með umsjónarkennurum og þeim sem koma mest að þeim í starfinu.

Í haust var farið í hópeflisferð um uppsveitir Borgarfjarðar þar sem var gengið um Húsafell og að lokum gíst í Brautartungu. Í vor hittist svo allt unglíngastigið á Varmalandi þar sem nemendur tóku þátt í fjölbreyttum íþróttá- og útíverkefnum.

Á unglíngastigi á Kleppjárnsreykjum voru engir skilgreindir umsjónarhópar í vetur heldur gátu nemendur leitað jafnt til umsjónarkennaranna tveggja. Í foreldraviðtölum völdu nemendur hjá hvorum kennara viðtalið yrði. Nemendum var ýmist kennt í sínum árgöngum eða öllum saman. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæði nemenda og að þeir sýndu ábyrgð á sínu námi. Fyrri hluta vetrar var mikil áhersla lögð á að nemendur nýttu



sér mentor til að halda utan um það sem lá fyrir auk þess að nemendum var kennt markvisst að nota möguleika Office365 í náminu með því að leggja fyrir rafræn verkefni og vista verkefni sín á skýi. Símat var í nánast öllum námsgreinum þar sem námið byggir á lotum sem nemendur vinna á sínum hraða. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir og stefnt að því að halda því áfram. Nemendur hafa tekið hlutapróf til viðbótar við lotuvinnuna auk stærri samþættra verkefna.

Árshátíð á Kleppjárnsreykjum var haldin með öllum stigum og sýndu nemendur unglिंगadeildar leikritið Grease. Allir nemendur komu að uppsetningunni á einhvern hátt, sem leikarar, tæknifólk, búningahönnun o.s.frv. Sýningin tókst einstaklega vel og nemendur fengu þar tækifæri til að sýna hæfileika sína í dansi, leik og tónlist.

Nemendur fengu fjórar kennslustundir á viku í íþróttum. Áhersla var lögð á að íþróttatímarnir hæfðu getu og þroska nemenda og að þeir lærðu að virða þær reglur sem fara verður eftir í leikjum og öðrum íþróttum. Lögð var áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda. Sund var ein kennslustund á viku og eiga nemendur að vera búnir að ná tökum á bringusundi, skriðsundi, baksundi, flugsundi og björgunarsundi.

Valtímar á unglिंगastigi eru sex kennslustundir á viku auk áhugasviðsvals. Nemendur völdu sér fag fjórum sinnum yfir veturinn. Valáfangar veturinn 2023-2024 voru: bakstur, Bandaríkin, fyrsta hjálp, geimvísindi, heimanám, hugarleikfimi, íþróttaval, jólaaval, kvikmyndaval, kynjaval, leirval, matreiðsluval, næringarfræði, skapandi skrif, skákval, skólablað, smíði, teikning, textílval, upplýsingatækni, útival, veistu svarið, þrívíddarprentun og þýskuval.

Fjölur Jónsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

## Varmaland

Í unglिंगadeild í vetur hefur nemendafjöldinn verið breytilegur. Nemendur sem byrjuðu í haust fluttu sig um set og einnig bættust við nemendur þegar leið á veturinn. Í lok árs voru nemendur 14 talsins. Samsetning hópsins var hlutfallslega nokkuð jöfn á milli nemenda með íslensku sem móðurmál og þeirra sem hafa annað móðurmál. Umsjónakennarar voru tveir sem kenndu í teymi með þriðja kennara, þeir sömu og á miðstigi. Í unglिंगadeild og á miðstigi var mikil samvinna þar sem sama kennarateymi sá um báða hópana.



Kennsluaðferðir eru margvíslegar á stiginu og fara eftir þeim verkefnum sem lögð eru fyrir og reynt er að vinna á fjölbreyttan hátt yfir skólaveturinn. Í helstu fögum eru gjarnan áætlanir þar sem nemendur fylgja tímaplani. Þannig næst að hjálpa hverjum nemanda að fara á sínum hraða og byggja á eigin þekkingu. Heimanám er ekki stór þáttur í námi á stiginu fyrir utan það að nemendur sinna því námi sem þeir ná ekki að ljúka við á skóladeginum. Einnig er lagt upp úr því að nemendur sinni heimalestri daglega og þá í tengslum við nám t.d. í samfélags- og náttúrugreinum. Áhersla er á samþættingu námsgreina í verkefnavinnu með nemendum, hvort sem í hópa- eða einstaklingsverkefnum. Í verkefnavinnu hafa nemendur mjög oft tækifæri til að útfæra verkefni og verkefnaskil í takt við eigin áhuga og aðferðir sem þeim langar til að nýta. Í vetur hafa kennarar einnig verið í námi um Leiðsagnarnám og hefur það sést meira og meira þegar leið á veturinn í kennslunni á unglिंगastigi. Námsmat er nokkuð

fjölbreytt og byggist á símati á verkefnum, vinnu nemenda og virkni. Kannanir og kaflapróf eru einnig hluti af námsmati ásamt lokaverkefnum. Jafningjamat og sjálfsmat var þáttur í námsmati í vetur og reyndist vel. Líkt og undanfarin ár fékk hópurinn ýmiskonar fræðslu og byggðist hún mest á forvörnum um fíkn, netöryggi, fjölmenningu, heilbrigðiskerfið, ofbeldi og skyndihjálp ásamt fræðslu frá lögreglunni.

Unglingastig fór í árlega hópeflisferð í haust þar sem nemendur náðu að kynnast og tengjast. Unglingastigið fór síðan ásamt 7.bekk í skíðaferð í Bláfjöll og síðan var samstarfsdagur hjá 7.-9.bekk að vori á Varmalandi. Þemadagar voru á sínum stað ásamt árhátíð og þeim undirbúningi sem henni fylgir.

Nemendur í 5.-10 bekk fóru í val þar sem fjölbreytt verkefni voru í boði. Sem dæmi má nefna bóka- og bæklingagerð, þýska, úkraínsk samfélagsfræði, heimanám og tölvur, heimilisfræði, frístundaleikir og hekl. Í áhugasviðsvali völdu nemendur sér viðfangsefni. Það var m.a. mjög vinsælt að vinna með ull, svokallaða þurr þæfingu. Búin voru til ýmiskonar listaverk úr ullinni. Einnig var mikill áhugi á skartgripagerð. Margt var gert eins og falleg armbönd, hálsmen og myndir. Yfir veturinn var nemendum skipt í þrjá hópa. Þeir völdu sér verkefni eftir áhugasviði og unnu þau undir leiðsögn kennara. Í lok hvernar vinnutarnar sýndu nemendur hvað þeir höfðu gert og völdu sér síðan annað verkefni eða kláruðu það sem var óklárað.



Nemendur fengu þrjár kennslustundir á viku í íþróttum og eina í sundi. Markmiðið var að nemendur lærðu helstu grunnhreyfingar, næðu færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifðu tap og sigra. Að nemendur upplifðu hreyfingu á jákvæðan hátt og allir tækju þátt og fengu útrás fyrir hreyfiþörf sína. Sundkennsla fór fram með hefðbundum hætti. Æfingar í leikjaformi og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

Líkamsmælingar voru framkvæmdar að hausti og vori. Mælingar voru Skógarhlaup (Valsholts hringurinn 2,0 km), píptest og styrktarmælingar. Svæðið í kring um skólann var nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna.


Í haust var kennari við skólann sem sá um að taka á móti nýnemum sem höfðu íslensku sem annað tungumál. Nemendur komu síðan inn í bekk þegar þeir höfðu náð grunnþáttum. Um áramót breyttist þetta og umsjónarkennarar tóku að sér að sinna ÍSAT kennslu út skólaárið. Vegna samvinnu tveggja stiga var hópnum skipt í minni hópa til að sinna ÍSAT kennslu. Í febrúar lauk þriðji kennari í teymi störfum við skólann og þá tók íslenskukennari við þessari kennslu.

Ása Erlingsdóttir og Elena Lobko



## Hugleiðsla og slökun

Velferðarverkefnið á öllum starfsstöðvum GBF hefur fest sig í sessi. Í upphafi skólaárs fengu allir nemendur á elsta stigi að mæta í þrjú skipti og eftir það var það frjálst val hjá unglingadeildinni. Allir nemendur höfðu aðgang að einum til tveimur tímum á viku. Að auki var boðið upp á opna tíma sem nemandi gat óskað eftir að fá að nýta. Í upphafi skólaárs var unnið með gildin í gegnum sögur og þetta árið var unnið með frumkvöðla og börn sem hafa breytt heiminum og haft áhrif. Farið var í leiddar hugleiðslur, hlustað á tónlist og hljóðmyndir og léttar jógastöður sem hæfa því rými sem er til afnota.



Elísabet Halldórsdóttir

## Nemendafélag

Nemendaráð GBF tók til starfa aftur eftir sumarfrí. Kosningar fóru fram á hvorri starfstöð, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Ása Katrín tók við umsjón nemendaráðsins af Ólafi Daða í upphafi 2024. Fundir ársins fóru að mestu fram í gegnum Teams og staðfundir færri en oft áður. Heilt yfir gekk starfið vel og nemendaráðið vann vel saman. Nemendaráðið sér um skipulag á viðburðum fyrir nemendafélag skólans.

Starfið í haust einkenndist að mestu af stærri viðburðum og færri minni viðburðum. Á hrekkjavökunni sá nemendafélagið á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi um skemmtun fyrir yngri nemendur og á Kleppjárnsreykjum voru nemendurnir einnig með utanumhald á draugahúsi. Í desember var haldið jólaball í Þinghamri. Ballið var vel sótt og nemendum úr skólum víðsvegar á Vesturlandi boðið að koma og skemmtu sér vel. Það var í höndum Séra Bjössa að halda uppi stemningunni sem gekk mjög vel. Eftir áramót sá nemendaráðið um sölu á góðgæti í sjoppu á söngvarakeppninni og sáu einnig um skemmtun yngri nemenda á öskudaginn þar sem farið var í leiki og kötturinn sleginn úr tunnunni. Í mars fór mikið púður í sölu á skólapeysum sem gekk vonum framar. Í lok apríl var farið á Lyngbrekkuball sem haldið var í Búðardal, þangað fór fjölmennur hópur nemenda úr GBF. Vor-bingó var haldið 24. apríl, þar komu margir styrktaraðilar inn með því að styrkja okkur með mjög veglegum vinningum. Árið var síðan endað með sundlaugarpartýi í sundlauginni á Kleppjárnsreykjum.

Nemendur GBF voru duglegir að nýta sér félagslíf í félagsmiðstöðinni Óðal í Borgarnesi og voru duglegir að sækja böll og aðrar skemmtanir eins og Æskulýðsballið og síðan SamVest þar sem við áttum flotta fulltrúa í söngvakeppninni.

Ása Katrín Jónsdóttir

## Smiðjuhelgar 8.- 10. bekkur

Smiðjuhelgarnar eru hluti af skólastarfinu og auka mjög fjölbreytni námsvals nemenda. Stundatafla unglínganna er einni kennslustund styttri en lögboðið er og bæta smiðjuhelgarnar þeim þann tíma upp. Nemendum Auðarskóla og Reykhólaskóla hefur verið boðið að taka þátt í smiðjunum með GBF síðustu ár.

Fyrri smiðjuhelgin var á Kleppjárnsreykjum 28. og 29. september og voru eftirtaldar smiðjur í boði:

Borðtennissmiðja í umsjón unglíngalandsliðsþjálfarans Mattia Luigi Contu sem kenndi borðtennis og skemmtilega borðtennisleiki.

Danssmiðja í umsjón Díönu Rutar Kristinsdóttur frá Dansgarðinum. Nemendur unnu með líkamann sem verkfæri og möguleikar hans kannaðir.

Hljóðvinnsla smiðja í umsjón Gunnars Inga Jósefssonar. Nemendum voru kynntar helstu leiðir til þess að taka upp, klippa saman og hljóðblanda hljóð fyrir podköst, spjallþætti, tónlist eða annarskonar efni. Einnig voru kynnt stuttlega helstu upptökuforrit og algengustu tólin í þeim.



Járnsmiða smiðja á vegum Hauks Þórðarsonar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Nemendur fengu að kynna vinnubrögðum og helstu verkfærum sem notuð eru í járnsmiðavinnu. Þeir lærðu undirstöðuatriðin í því hvernig rafsúða er framkvæmd ásamt því að kynna þvi hvernig hægt er að meðhöndla og móta járn á ýmsa vegu.

3D smiðja í Kviku í MB í umsjón Valdísar Sigurvinsdóttur. Þar lærðu nemendur að vinna í forritunum Inkscape og Thinkercad.

Hár- og förðunarsmiðja í umsjón förðunarkennara frá Makeup school og Ölmu Hlínar Þórarinsdóttur hársnyrtis. Sýnikennsla var í léttari förðun og fræðsla um umhirðu húðarinnar. Einnig voru kenndar fléttur og greiðslur í samráði við nemendur smiðjunnar.

Seinni smiðjuhelgin var á Varmalandi 12. og 13. apríl og þá voru þessar smiðjur í boði:

Fótboltasmiðja í umsjón Vilhjálms Þórs Vilhjálmssonar. Krefjandi æfingar voru lagðar fyrir þátttakendur smiðjunnar.





Landbúnaðarsmiðja á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Nemendur fengu að kynnast fjár- og nautgripabúum skólans, kynnast háskólanum og aðstöðu hans á Hvanneyri.

Kvikmyndagerðar smiðja í umsjón Konráðs Kárasonar Þormar og Jónu Grétu Hilmarsdóttur. Nemendur fengu að vinna handrit, tölur og frágang s.s. klippingu á eigin stuttmynd.

Rafíþróttasmiðja á vegum Rafíþróttasambands Íslands. Unnið var í tölvuleikjum á forsendum íþróttanna með áherslum og markmiðum sem stuðla að sjálfsbetrun og vaxtarhugarfari.

Björgunarsveitar smiðja í umsjón Björgunarsveitarinnar Heiðars. Þar gafst nemendum kostur á kynnast ýmsum störfum sem snúa að störfum björgunarsveita.